

**Ed.**

**679. Nefndarálit**

[152. mál]

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta mál, en ekki getað orðið sammála. Við undirritaðir fáum ekki séð, að eins og sakir standa sé aðkallandi á þessu þingi að sameina Fiskveiðasjóð Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins eða skipta um stjórn Fiskveiðasjóðs, en hins vegar töluverðir gallar á efni frv. og undirbúningi málsins, eins og sumar umsagnir um frv. bera vitni um. Við teljum því réttast að stefna að því að endurskoða frv. milli þinga í samráði við rétta aðila og með tiltekin sjónarmið fyrir augum.

Við leggjum til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með það fyrir augum, að frv. það, er fyrir liggur, um Fiskveiðasjóð Íslands, verði endurskoðað milli þinga í samráði við stjórnir Fiskveiðasjóðs Íslands. Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Landssambands ísl. útvegsmanna, og þá m. a. að því stefnt að auka fjármagn til stofnlána í þágu sjávarútvegsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1966.

Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs. Gils Guðmundsson.  
frsm.